

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 1997

12. mars 1997

359

Nr. 180

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	17.03.-23.03.	ótilgr.	7,5	50
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	24.03.-06.04.	ótilgr.	15	99
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	07.04.-13.04.	ótilgr.	22,5	148
0703.9001	Blaðlaukur	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.2000	Rósakál	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9002	Rauðkál	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9003	Kínakál	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.1112	Jöklasalat	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.1199	Annað (salat)	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.1900	Annað	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffifíflsblöd	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0706.9000	Annað	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0707.0021	Gúrkur	17.03.-23.03.	ótilgr.	15	99
0707.0021	Gúrkur	24.03.-31.03.	ótilgr.	22,5	148
0709.3000	Eggaldinjurtir	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0709.5100	Sveppir	17.03.-30.06.	ótilgr.	7,5	100

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magnatollur kr/kg
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbitur	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0709.9004	Steinselja	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Úr tollnúmeri:</i>					
0709.6003	Paprika, græn	17.03.-30.03.	ótilgr.	7.5	99
0709.6003	Paprika, græn	31.03.-13.04.	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, græn	14.04.-30.06.	ótilgr.	22.5	298
0709.6003	Paprika, önnur	17.03.-30.03.	ótilgr.	30	0
0709.6003	Paprika, önnur	31.03.-06.04.	ótilgr.	7.5	99
0709.6003	Paprika, önnur	07.04.-13.04.	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, önnur	14.04.-30.06.	ótilgr.	22.5	298

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magnatollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. mars 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

10. mars 1997

Nr. 181

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Umferðarráð, nr. 86 30. janúar 1997.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. bætist í stafrófsröð: Landssamtök hjólreiðamanna.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 113. gr. umferðarlaga, nr. 50 30 mars 1987, sbr. lög nr. 138 18. desember 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. mars 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.